

Alþingi

Erindi nr. Þ

120/2087

komudagur

24/5 1996

ÞHS

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, KALKOFNSVEGI 1, 150 REYKJAVÍK, SÍMI: 569 9500, FAX: 562 6540

23. maí 1996

Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsett 19. apríl 1996, um svör við nokkrum spurningum varðandi skatt af fjármagnstekjum og staðgreiðslu af þeim, mál 421, 422, og 428 og 429. Hér með fylgja umbeðin svör.

Virðingarfyllst,

  
Þórður Friðjónsson,  
forstjóri

Svör við spurningum  
efnahags- og viðskiptanefndar

---

Hér á eftir fara svör við spurningum efnahags- og viðskiptanefndar sem óskað var eftir með bréfi dagsettu 14. maí síðastliðinn.

*Spurning 1.1* Hvert er mat Þjóðhagsstofnunar á áhrifum frumvarpanna á vaxtastig? Er í því efni munur á “stjórnarfrumvörpunum” og “formannafrumvörpum”?

*Svar* Eins og sagði í fyrri umsögn Þjóðhagsstofnunar, fara áhrif skattlagningar á eignatekjur eftir hlutfallslegri næmni fjárframboðs (í íslenskum krónum) og eftirspurnar eftir fé. Ef framboðið er mjög næmt fyrir breytingum í ávöxtun miðað við eftirspurnina, þá breytist ávöxtun eftir skatt tiltölulega lítið við skattlagningu, en ávöxtun fyrir skatt (útlánsvextir, þegar rætt er um lánsfé) mikið. Ef framboð og eftirspurn eru jafnæm fyrir breytingum skiptist skatturinn á milli framboðs og eftirspurnar: útlánsvextir og innlánsvextir hækka álíka mikið.

Reynslan sýnir hins vegar að framboð fjár er minna næmt fyrir hóflegum breytingum í ávöxtun heldur en eftirspurnin. Því leggst skatturinn fyrst og fremst á framboðshliðina: ávöxtun eftir skatt lækkar af sömu stærðargráðu og skattþrósentan (þó ætíð minna), en ávöxtun fyrir skatt hækkar mun minna.

Þess ber að gæta að það er jaðarskattlagning sem skiptir máli í þessu sambandi. Við núverandi aðstæður (verðbólga og raunvexti) er jaðarskattur á raunvexti samkvæmt stjórnarfrumvarpinu um helmingi lægri en samkvæmt frumvarpi formanna stjórnarandstöðunnar. Að öðru óbreyttu yrðu því áhrif á vaxtastig um tvöfalt meiri samkvæmt frumvarpi formanna stjórnarandstöðunnar heldur en samkvæmt stjórnarfrumvarpinu. Það flækir þó málið að skattur á arð af hlutafé yfir ákveðnum mörkum er jafnframt lækkaður í frumvarpi stjórnarinnar. Því verða hlutabréf fýsilegri fjárfesting en áður og fé færast væntanlega í þau úr innlánnum og skuldabréfum. Þetta minnkar framboð á lánsfé og verkar til hækkunar vaxta samkvæmt stjórnarfrumvarpinu, að öðru óbreyttu. Það er því erfitt að

segja ótvírætt fyrir um hlutfallslega breytingu vaxta samkvæmt frumvörpunum tveimur þegar öll áhrif eru lögð saman.

Þess ber þó að gæta að fyrir hinn „almenna“ hlutafjäreigenda skiptir þetta litlu því arðgreiðslur eru oftast skattfrjálsar þegar um tiltölulega litlar fjárhæðir er að ræða, enda hefur skattafsláttur vegna hlutafjárkaupa líklega skipt meira máli en væntanleg arðgjöf fram að þessu fyrir slíka fjárfesta. Það er því líklegast að upprunaleg niðurstaða standi og gera megi ráð fyrir meiri vaxtahækkun samkvæmt frumvarpi formanna stjórnarandstöðunnar heldur en samkvæmt stjórnarfrumvarpinu.

Spurning 1.2 Hvert er mat Þjóðhagsstofnunnar á áhrifum frumvarpanna á tekjuskiptingu og eignaskiptingu í þjóðfélaginu og þróun þeirra? Er munur á þessu eftir því hvort um er að ræða “stjórnarfrumvörpin” eða “formannafrumvörpin”?

Svar Eins og kemur fram í greinargerð með formannafrumvarpinu telur Þjóðhagsstofnun skattgögn um þessi efni ekki nógu traustan grunn til að reikna út áhrif skattsins eftir tekjubílum af neinni nákvæmni. Ljóst er þó að áhrif af formannafrumvarpinu eru meiri til tekjujöfnunar og jafnar þar með tekju- og eignaskiptingu í framtíðinni milli einstaklinga. Ef litið er á heildarskattlagningu eru áhrifin ekki mikil en áætlaður vaxtaskattur af stjórnarfrumvarpinu er milli 2 og 3% af álögðum tekjuskatti og útsvari en af formannafrumvarpinu milli 3 og 4%. Heildaráhrif á tekju- og eignaskiptingu eru því ekki mikil þó milli einstakra einstaklinga séu áhrifin meiri, þeim eigna- og tekjumeiri í hag samkvæmt stjórnarfrumvarpinu.

Spurning 2.1 Hvað mun skattlagning vaxtatekna ná til stórs hluta sparenda og hversu stórs hluta af heildarsparnaði í landinu miðað við “stjórnarfrumvörpin” annars vegar og “formannafrumvörpin” hins vegar?

Svar Þjóðhagsstofnun telur að framtaldar vaxtatekjur, sem eru um 1/3 af áætluðum heildarvaxtatekjum séu ekki nógu góður grundvöllur til að meta dreifingu óframtalinna vaxtatekna niður á framteljendur.

Spurning 2.2 Hver eru áhrif frumvarpanna á tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga?

Svar Í fylgiskjali með stjórnarfrumvarpi er reiknað með að vaxtaskatturinn gefi um 1100 milljónir í skatttekjur sem renna óskiptar í ríkissjóð. Í greinargerð með formannafrumvarpinu

kemur fram að vaxtaskattur sveitarfélaga og stofnana þess muni verða um 75 milljónir. Þjóðhagsstofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þessa útreikninga.

Hvað formannafrumvarpið varðar þá hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að það gefi 1700 milljónir í skatttekjur. Um 1300 milljónir renni í ríkissjóð og um 400 milljónir til sveitarfélaga eða milli 20 og 25% af skatttekjunum.

Tekið skal fram að við útreikninga þessa er byggt á skattgögnum vegna tekjuársins 1994. Jafnframt er reiknað með að skattlagning sé að fullu komin til framkvæmda en skatturinn mun gefa lægri tekjur fyrstu árin vegna þess að áfallnar verðbætur og vextir verða ekki skattlögð fyrr en við innlausn.